



Landspítali

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

Júlí 2018

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir.....	4
2.1	Athugasemdir.....	4
3	Viðbrögð við athugasemdum	6
4	Fjárveitingar og rekstur	8
4.1	Fjárveitingar	8
4.2	Rekstrarátlanir	8
5	Innra eftirlit.....	9
5.1	Inngangur	9
5.2	Eftirlitsumhverfið	9
5.3	Innri endurskoðendur	9
6	Fylgni við lög og reglur.....	10
6.1	Inngangur	10
6.2	Ferðakostnaður	10
6.3	Opinber innkaup	10
7	Endurskoðun rekstrarliða	11
7.1	Þjónustutekjur.....	11
7.2	Laun.....	12
7.3	Rekstrarsvið.....	13
8	Endurskoðun efnahagsliða	15
8.1	Varanlegir rekstrarfjármunir	15
8.2	Vörubirgðir	15
8.3	Innkaup	17
8.4	Kröfur á ríkissjóð	17
8.5	Viðskiptakröfur.....	18
8.6	Handbært fé	19
8.7	Skuldfært fjárfestinga- og gjafaframlag	19
8.8	Lánardrottnar.....	19
9	Önnur atriði	21
9.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	21
9.2	Lögfræðibréf	21
9.3	Óhæðisyfirlýsingar	21
9.4	Atburðir eftir reikningsskiladag.....	21

1 Inngangur

Ríkisendurskoðandi hefur lokið endurskoðun ársreiknings Landspítala fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og framkomin stjórnvaldsfyrirmæli. Eins og fram kemur í skýrslu stjórnar er nokkur óvissa um þær reikningskilaaðferðir, sem nota ber við reikningsskil á árinu 2017 þar sem lögbundnar reglugerðir og verklagsreglur hafa ekki verið formlega gefnar út. Fyrirvara verður því að gera varðandi afkomu og efnahag. Af þessari ástæðu er áritun ríkisendurskoðanda á ársreikninginn án álits.

Ríkisendurskoðandi vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárákurlaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Landspítala var síðast endurskoðaður fyrir árið 2016.

2 Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir

Vegna óvissu um reikningshaldslega meðferð og framsetningu einstakra liða í ársreikningi spítalans er áritun ríkisendurskoðanda á ársreikninginn án álits. Óvissan beinist að túlkun á lögum og reikningsskilareglum einkum vegna meðferðar á framlögum frá ríkissjóði vegna fjárfestinga og mótfærslu við þau í efnahagsreikningi. Sama á við um mótfærslu vegna móttækinnna gjafaframlaga til fjárfestinga. Auk þess byggir forsenda þess að gefa ekki álit á ársreikningnum á því að gerð er mótfærsla við orlofs- og frítímaskuldbindingar sem færð er á grundvelli vænst samþykkis Alþingis. Einnig liggur ekki fyrir í árslok samþykki ráðherra fyrir yfurfærslu til næsta árs á ónotuðum fjárheimildum. Eins og fram kemur í skýrslu stjórnenda spítalans og í skýringum með ársreikningnum byggja framangreindar færslur á fyrirmælum frá fjármálaráðuneytinu.

Við endurskoðun viðskiptakrafna var kannaður aldursgreindur listi viðskiptamanna vegna viðskiptakrafna sem voru kr. 800.000 eða hærri í árslok. Hér var um að ræða 195 kröfur, samtals að fjárhæð 1.709,1 m.kr., sem var 80,0% af heildarfjárhæð viðskiptakrafna í árslok 2017. Sérstaklega var kannaður sá hluti þessara krafna sem var 60 daga og eldri. Farið var yfir hverja kröfu fyrir sig með deildarstjóra og starfsmönnum fjárstýringar auk bókhaldsstjóra Landspítala. Niðurstaðan var sú að kröfurnar voru allar í ákveðnu innheimtuferli. Loks var farið yfir og staðfest mat stjórnenda á niðurfærsluþörf viðskiptakrafna í árslok.

Við endurskoðun á handbæru fé voru send staðfestingarbréf til bankastofnana. Niðurstaðan var sú að allir bankareikningar, peningalegar eignir og skuldir Landspítala, samkvæmt upplýsingum frá bönkunum, eru í samræmi við bókhald. Þá var kannað hvernig staðið er að aðskilnaði fjármála og bókhalds. Þar kom fram sá annmarki að starfsmaður fjárstýringar annast afstemmingu bankareikninga en ekki starfsmaður bókhalds. Til að koma til móts við þennan annmarka var sett sú regla að bókhaldsstjóri staðfestir afstemmingar bankareikninga.

Endurskoðun lánardrottna fólst í því að leita staðfestinga á stöðu lánardrottna samkvæmt bókhaldi Landspítala með gögnum frá innlendum og erlendum lánardrottnum. Úrtakið tók til 51,2% heildarfjárhæða lánardrottna í árslok 2017. Hægt var að staðfesta allar stöður úrtaksins í árslok með gögnum frá lánardrottnum.

Við endurskoðun þjónustutekna hjá Landspítala á árinu 2017 voru svið spítalans heimsótt. Farið var yfir verkferla og kannað hvort í þeim væri innifalið það innra eftirlit sem tryggja ætti að allar tekjur skiluðu sér. Niðurstaða endurskoðunar var sú að innra eftirlit er gott á Landspítala hvað snertir þjónustutekjur. Mikið er lagt upp úr að fara eftir ákveðnum verkferlum og settum reglum.

2.1 Athugasemdir

1. Vörurýrnun

Niðurstaða útreikninga um vörurýrnun á árinu 2017 leiddi í ljós að vörurýrnun hjá Landspítala er enn yfir eðlilegum mörkum þó niðurstöður séu heldur betri en á árinu 2016. Lagt er eindregið til að haldið verði áfram aðgerðum til að bæta verkferla við birgðahald og ná betri tókum á þessu

vandamáli á spítalanum. Þá er lagt til að tekið verði upp rafrænt eftirlitskerfi með lyfjum sem eru afhent inn á deildir spítalans.

2. Innkaupadeild

Við endurskoðun á innkaupadeild kom fram að ekki er alltaf unnið eftir innkaupakerfinu og verkferlum sem þar eiga við heldur eru tæki, lækningavörur, aðrar vörur og þjónusta pöntuð fram hjá innkaupakerfinu. Talið var að allt að 20% innkaupa hafi komið á þennan hátt inn á spítalann. Á árinu 2017 hefur verið reynt að efla innkaupadeildina með það að markmiði að öll innkaup spítalans fari miðlægt um innkaupadeildina. Þá er komin til framkvæmda svonefnd samkeppnisréttaráætlun. Enn vantar þó töluvert upp á að þessi mál séu komin í viðunandi horf.

3. Rannsóknarsvið

Þjónustutekjur Landspítala námu 4.417,2 m.kr. á árinu 2017, þar af voru tekjur Rannsóknarsviðs 1.683,8 m.kr. Unnið er samkvæmt nokkrum rannsóknarkerfum. Þegar rannsóknum er lokið fara niðurstöður inn í svonefnt Vigrakerfi en þar er haldið utan um gjaldskrár og reiknireglur. Vigrakerfið skilar vikulega reikningsupplýsingum inn í Orra, fjárhagskerfi ríkisins þar sem endanlegir reikningar eru gerðir, m.a. á lækna sem hlotið hafa rannsóknarstyrki. Sá veikleiki er við þessa tekjumyndun fyrir Landspítala að ekki hefur enn verið komið á fót afstemmingarkerfi sem stemmir af þær rannsóknir sem lokið er og þær rannsóknir sem fara inn í Vigrakerfið.

4. Innri endurskoðendur

Ríkisendurskoðandi telur að eftirlitsumhverfið sé almennt gott hjá Landspítala. Þrátt fyrir það er nauðsynlegt að til spítalans verði ráðnir innri endurskoðendur. Hlutverk innri endurskoðenda er fyrst og fremst að kanna hvort unnið er eftir þeim fjölmörgu skráðum og óskráðum verkferlum sem í gildi eru á spítalanum. Ríkisendurskoðandi leggur því aftur til að stjórnendur yfirfari þessa þörf og geri ráðuneytunum grein fyrir henni með ósk um fjárveitingu vegna tveggja innri endurskoðenda við Landspítala. Einnig kemur til greina að útvista þessu verkefni til endurskoðunarstofa.

5. Fasteignir

Með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 er sú breyting frá fyrri reikningsskilareglum að ríkisaðilum ber að færa til eignar alla varanlega rekstrarfjármuni sem áður voru gjaldfærðir. Þar á meðal eru fasteignir. Fasteignir eru þó ekki færðar hjá einstaka stofnunum samkvæmt ákvörðun fjármálaráðuneytisins en gert er ráð fyrir því að þær verði færðar hjá sérstöku fasteignafélagi eða fasteignafélögum. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar eru fasteignir Landspítalans ekki færðar í ársreikningi hans en gerð er grein fyrir matsverði fasteigna í skýringu með ársreikningnum. Af þessu leiðir að spítalinn færir útgjöld til eignaverka vegna fasteigna sem kröfu á ríkissjóð og er sú krafa eignfærð meðal veltufjármuna í efnahagsreikningi.

Framangreind færsluáðferð vegna eignaverka er til að bregðast við ákvörðun ráðuneytisins um meðferð fasteigna hjá ríkisaðilum. Vakin er athygli á því að samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir því að Landspítalinn beri þennan kostnað.

3 Viðbrögð við athugasemdum

Eftirfarandi eru viðbrögð Landspítalans við þeim athugasemdum sem fram komu í kafla 2.

1. Vörurýrnun

Eins og áður hefur verið bent á þarf að fara varlega við að nota hugtakið vörurýrnun vegna þeirra vandamála, sem eru vissulega til staðar í birgðabókhalda og birgðakerfum spítalans. Hér er að stórum hluta um að ræða vandamál er varðar ferli við úttekt vara af lagerum og innskráningu vara aftur, þegar þær hafa ekki verið notaðar. Hér er því að talsverðu leyti um mannleg mistök að ræða, en ekki vandkvæði sem venjulega falla undir hugtakið „rýrnun“.

Mikil vinna hefur átt sér stað á undanförunum árum við úrbætur á lagerum spítalans að því er vörustreymisferlin varðar. Greinilegur árangur hefur orðið á skurðstofulager við Hringbraut, en talsverð vinna er enn eftir á öðrum lagerum. Sérstakur vinnuhópur á vegum framkvæmdastjórnar hefur unnið að og fylgst með þeim úrbótum, sem leitast er við að ná fram. Þeirri vinnu en langt í frá lokið, en verður haldið áfram.

Hvað varðar hugsanlega vörurýrnun á lyfjalagerum deilda. Lyfjalager á deild hefur ekki formlega stöðu birgða í birgðakerfi og rafrænu birgðabókhalda, heldur eru lyfin orðin að rekstrarvöru í dag, þegar þau hafa verið afgreidd úr apóteki á deild. Hins vegar er lagerhald lyfja, eftirlit með stöðu lagers og eftirfylgni varðandi notkun lyfja á deild til skoðunar, m.a. með bættri umgjörð og takmörkuðu aðgengi að lyfjaskápum og lyfjaherbergjum. Stefnt er að uppsetningu rafræns og formlegs birgðakerfis og birgðabókhalda á deildum spítalans í náinni framtíð, og ekki síðar en þegar nýr spítali verður tekinn í notkun.

2. Innkaup

Eins og fjallað hefur verið um í samskiptum Landspítala og Ríkisendurskoðunar á undanförunum árum fer nokkur hluti innkaupa spítalans fram utan formlegra ferla og kerfa. Að hluta til er gömlum venjum og siðum um að kenna, sem vinna þarf bug á, en einnig getur verið um að ræða innkaup, sem eiga sér samninga að baki, enda þótt innkaupaferlið fari ekki fram innan formlegra innkaupakerfa. Þetta á til að mynda við um innkaup tækja og ýmissa rekstrarvara fyrir deildir. Tæki og búnaður til starfsemi spítalans er yfirleitt keyptur eftir útboð eða verðfyrirspurn, og innkaupasamningur í einhverju formi liggur að baki. Stórir og dýrir varahlutir í tæki, sjúkrarúm o.fl. fara í gegnum sama innkaupaferli og tækjabúnaður til fjárfestinga, enda þótt um rekstrarvöru sé að ræða. Innkaup innan rammamanna Ríkiskaupa eru algeng.

Innkaupadeild á fjármálasviði mun setja af stað úrbótaverkefni sem miðar að því að færa innkaup tækja og búnaðar inn í hin formlegu innkaupakerfi spítalans. Þar verður að vera um samstarfsverkefni heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar, reikningshalds, innkaupadeildar og fleiri aðila að ræða, en vonandi fæst niðurstaða í þá vinnu á þessu ári. Úrbótaverkefni sem snúa að innkaupum rekstrarvara eru þegar í gangi.

3. Rannsóknarsvið

Fjallað er um vankanta sem eru á afstemmingum á milli undirkerfa á rannsóknarsviði annars vegar og Vigra hins vegar. Vigri er bókhaldskerfi, sem tengir saman kröfuupplýsingar úr rannsóknarkerfunum og Orra, fjárhagsbókhaldskerfi spítalans. Ríkisendurskoðun hefur áður gert

athugasemd við þennan afstemmingarvanda. Landspítali mun nú þegar hefja skoðun á breyttu verklagi við afstemmingu á milli rannsóknarkerfa og Vigra og útbótum á viðkomandi kerfum og upplýsingastreymi þeirra á milli.

4. Innra eftirlit

Landspítali hefur ekki innri endurskoðendum á að skipa. Gerð er athugasemd vegna þessa í endurskoðunarskýrslu vegna rekstrarársins 2016 og aftur nú. Í skýrslunni er vísað til þess að ný lög um opinber fjármál leggi áherslu á nauðsyn innri endurskoðunar. Lagt er til að fjárveitingar verði aflagð til að ráða tvo innri endurskoðendur.

Landspítali er sammála þessari athugasemd og hefur áður komið ábendingu Ríkisendurskoðunar um þörf fyrir innri endurskoðendur til stjórnvalda, og mun endurtaka hana nú.

5. Fasteignir

Samkvæmt fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins eru fasteignir þær, sem spítalinn notar, ekki færðar til eignar í efnahagsreikningi í árslok 2017. Þessi stjórnvaldsfyrirmæli eru sett fram þrátt fyrir að í fjárlögum 2017 og fylgiriti með fjárlögum 2017, er gert ráð fyrir fjárveitingum til fjárfestinga hjá Landspítalanum vegna fasteigna, svo og til viðhalds og annars rekstrarkostnaðar þessara eigna.

4 Fjárveitingar og rekstur

4.1 Fjárveitingar

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017:

Í þús. kr.	Fjárlög	Áætlun	Ársreikningur	Frávik
	2017	2017	2017	2017
Laun og launatengd gjöld	-44.963.700	-48.077.823	-48.414.967	-377.144
Önnur rekstrargjöld	-16.029.800	-18.997.563	-16.167.226	2.830.337
Rekstrartekjur	4.413.400	10.974.254	8.498.312	-2.475.942
Rekstrarniðurstaða	-56.580.100	-56.101.132	55.810.881	17.251
Afskriftir		-784.927	-784.927	0
Fjárfestingaframlag		79.389	79.389	0
Framlag v. afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna		679.595	679.595	0
Styrkir og gjafir til fjárfestinga		6.196	6.196	0
Vextir og gengismunur		0	44.923	44.923
Mism. rekstrargj. og sértekna	-56.580.100	-56.120.879	-56.058.706	62.173

Rekstur ársins 2017 var því 62.173 þús. kr. innan fjárveitinga ársins.

4.2 Rekstraráætlanir

Gerð er rekstraráætlun fyrir Landspítala. Stöðugt er fylgst með því af hálfu spítalans og Fjársýslu ríkisins hvernig reksturinn yfir árið þróast í samanburði við rekstraráætlanir.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðanda ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

5.2 Eftirlitsumhverfið

Með eftirlitsumhverfi er átt við viðhorf starfsmanna hjá viðkomandi stofnun gagnvart verklagsreglum og innra eftirliti. Í heilbrigðu eftirlitsumhverfi eru stjórnendur deilda og sviða áhugasamir um að starfsfólk vinni samkvæmt skráðum og óskráðum verklagsreglum um innra eftirlit og starfsfólk er almennt áhugasamt um innra eftirlit. Að mati ríkisendurskoðanda er eftirlitsumhverfið almennt mjög gott hjá Landspítala. Fyrir hendi er ákveðin menning að þessu leyti. Yfirmenn leggja áherslu á að farið sé eftir þessum verklagsreglum og almennt virða starfsmenn það og leggja sig fram um að fara eftir settum reglum.

5.3 Innri endurskoðendur

Þrátt fyrir að eftirlitsumhverfið sé almennt gott er slæmt að enginn innri endurskoðandi skuli vera hjá Landspítala. Gerð var athugasemd við þetta fyrirkomulag í endurskoðunarskýrslu vegna rekstrarársins 2016 en við henni hefur ekki verið brugðist. Hér er um að ræða langstærstu stofnun landsins. Á árinu 2017 voru að meðaltali 5.305 starfsmenn við spítalann. Fjöldi verkferla hjá spítalanum er gífurlegur. Ríkisendurskoðandi leggur því aftur til að stjórnendur yfirfari þessa þörf og geri ráðuneytunum grein fyrir því með ósk um fjárveitingu vegna tveggja innri endurskoðenda við Landspítala. Ný lög um opinber fjármál leggja áherslu á nauðsyn innri endurskoðunar.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, rekstrarverkefni og starfsvenjur þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárveitingar og rekstraráætlun í kafla 4.

6.2 Ferðakostnaður

Verklagsreglur byggja á reglum nr. 1/2009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

Landspítali notar svokallað Ferðauppgjörskerfi sem er sérsniðið kerfi, tengt Orra, fjárhagskerfi ríkisins og þróað í náninni samvinnu við stofnunina. Umsjónarmaður Ferðauppgjörskerfisins er staðsettur innan launadeildar vegna náninna tengsla við kjarasamningsbundin námsleyfisréttindi heilbrigðisstarfsmanna og fjarvistaréttindi.

6.3 Opinber innkaup

Verklagsreglur um opinber innkaup eru fyrir hendi hjá Landspítala. Til að mynda er fasteigna- og viðhaldsdeild innan rekstrarsviðs með verklagsreglur um opinber útboð og örútbóð gegnum rammisamning Ríkiskaupa.

7 Endurskoðun rekstrarliða

7.1 Þjónustutekjur

Þjónustutekjur eru að stærstum hluta tekjur spítalans af heilbrigðisþjónustu til einstaklinga vegna rannsókna, bráða- og göngudeildarþjónustu, annarra sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva.

Í m.kr.	2017	2016
Rannsóknir	1.683,8	1.659,6
Komur á göngudeild og bráðadeildir	982,0	903,4
Daggjöld og tekjur af ósjúkratryggðum	895,2	712,9
Sérfræðiþjónusta og aðrar tekjur	856,2	848,3
Samtals	4.417,2	4.124,2

Meginmarkmiðið með endurskoðun þjónustutekna er heild. Endurskoðunin beindist að greiningu verkferla við einstaka tekjuflokka og könnun á innra eftirliti í hverjum flokki fyrir sig. Í því sambandi voru svið spítalans heimsótt.

7.1.1 Rannsóknir

Þjónustutekjur vegna rannsókna námu 1.683,8 m.kr. á árinu 2017 samanborið við 1.659,6 m.kr. árið 2016. Rannsóknarsviðið skiptist í eftirfarandi deildir; Röntgendeild, Sýklafræðideild, Veirufræðideild, Ónæmisfræðideild, Rannsóknarkjarna - Klíníská lífefnafræði og blóðmeinafræði, Meinafræðideild, Erfða- og sameindalæknisfræðideild og að lokum Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild sem bættist við á árinu 2017.

Á rannsóknarsviðinu eru gerðar fjölmargar rannsóknir á hverju ári. Þær rannsóknir enda ekki allar á þann veg að þeim sé lokið og niðurstaða fengin. Þegar rannsóknnum er lokið fara niðurstöður inn í Vigrakerfi sem heldur utan um gjaldskrár og reiknireglur. Vigrakerfið skilar síðan vikulega reikningsupplýsingum inn í Orra þar sem endanlegir reikningar eru gerðir. Sammerkt með tekjumyndun fyrir Landspítala, vegna allra þessara rannsókna, er sá veikleiki að ekki hefur enn verið komið á fót afstemmingarkerfi sem stemmir af þær rannsóknir sem lokið er og þær rannsóknir sem fara inn í Vigrakerfið.

Gerð er athugasemd við þetta verklag á Rannsóknarsviði. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir ríkisendurskoðanda hefur ekki verið komið upp afstemmingarkerfi vegna rannsókna.

Rannsóknarsviðið kemur einnig að æðaþræðingu í Fossvogi. Í árslok 2017 voru vörubirgðir þar 48,6 m.kr. Vörurýrnun var 8,3 m.kr. á árinu 2017 eða 17,1% sem er langt yfir eðlilegum mörkum (sjá nánar kafla 8.2)

7.1.2 Komugjöld

Þjónustutekjur vegna greiðslu sjúklinga fyrir þjónustu göngudeilda og bráðadeilda námu 982,0 m.kr. á árinu 2017 samanborið við 903,4 m.kr. á árinu 2016. Sjúklingar sem leita á bráðadeild og aðrar göngudeildir eru skráðir inn á spítalann. Eftirlitið fer fram kerfislega hjá fjármálasviði og felst í afstemmingum, þ.e. að stemma útgefna reikninga á komudeildunum við

innskráningargögnin. Með þeim hætti kemur í ljós ef einhver hefur skráð sig inn á göngudeild án þess að reikningur hafi verið gerður og er þá bætt úr því.

7.1.3 Daggjöld og ósjúkratryggðir

Þjónustutekjur vegna daggjalda og ósjúkratryggðra námu 895,2 m.kr. á árinu 2017 samanborið við 712,9 m.kr. á árinu 2016. Ósjúkratryggðir einstaklingar eru sérmerktir í Sögukerfinu og teknir eru listar úr kerfinu daglega. Ósjúkratryggðir eru annars vegar Íslendingar sem búa erlendis eða koma heim eftir langa dvöl erlendis (sex mánaða regla) og hins vegar útlendingar sem þurfa á þjónustu spítalans að halda meðan þeir dvelja á landinu.

7.1.4 Sérfræðiþjónusta og aðrar tekjur

Þjónustutekjur vegna sérfræðiþjónustu og annarrar þjónustu námu 856,2 m.kr. á árinu 2017 en voru 870,4 m.kr. á árinu 2016. Sérfræðiþjónusta er reikningsfærð á hinum ýmsu sviðum spítalans. Á hverju sviði eru fjármálaráðgjafar sem hafa umsjón með reikningagerð. Almenni verkferillinn er sá að fjármálaráðgjafi viðkomandi sviðs fær í hendur afrit samninga á bak við veitta þjónustu. Hann sendir síðan beiðni til reikningshaldsdeildar spítalans um að gera reikning í samræmi við samninginn. Síðan geta fjármálaráðgjafarnir fylgst rafrænt með hvort búið er að gera reikninginn sem þeir óskuðu eftir og einnig hvort hann sé réttur.

7.1.5 Heimsóknir á önnur svið.

Við endurskoðun ársins 2017 voru eftirfarandi svið spítalans heimsótt: Rannsóknarsvið, Mannauðssvið, Launadeild, Aðgerðasvið, Fjármálasvið v/starfsemi apóteksins, Skurðlækningasvið og Rekstrarsvið. Rætt var við fjármálaráðgjafa og aðra forsvarsmenn sviðanna um verkefni hvers sviðs. Sérstaklega voru verkferlar kannaðir og metið hvort þeir tryggðu nægjanlegt innra eftirlit með starfseminni. Þá kemur fram í kaflanum um endurskoðun vörubirgða reiknuð vörurýrnun hjá einstökum sviðum á árinu 2017. Almenn niðurstaða endurskoðunar einstakra sviða er sú að eftirlitsumhverfi þjónustutekna á Landspítala er gott.

7.2 Laun

Laun og launatengd gjöld námu 48.415,0 m.kr. á árinu 2017 samanborið við 43.552,4 m.kr. á árinu 2016. Hækkun milli ára er 11,2%. Meðalfjöldi starfsmanna var 5.305 á árinu 2017 en var 5.136 á árinu 2016. Laun og launatengd gjöld á árinu 2017 voru 75,0% heildargjalda ársins.

7.2.1 Launaframkvæmd

Landspítala er skipt upp í 11 svið þar sem framkvæmdastjóri fer með ráðningarvald. Einstaka framkvæmdastjóri hefur veitt mannauðsráðgjafa umboð til að fara með víska þætti sem snúa að ráðningarvaldi, t.d. til að undirrita breytingatilkynningar o.fl. en allar stærri ákvarðanir eru áfram í umsjón viðkomandi framkvæmdastjóra. Mannauðsráðgjafi er á hverju sviði framkvæmdastjóranum til aðstoðar.

Einnig er sérstakt mannauðssvið starfandi á spítalanum. Mannauðssviðið er mannauðsráðgjöfum til aðstoðar og á að stuðla að samræmingu milli sviða. Mannauðssviðið leiðbeinir um notkun á ráðningarkerfi ríkisins sem mannauðsráðgjafar ásamt öðrum sem að ráðningum koma nota við utanumhald á ráðningarferlum.

Mannauðssviðið hefur útbúið sérstakt stoðskjal „Hækjuna“ sem dregur saman allar helstu forsendur launaröðunar í þeim samningum sem eru í gildi á hverjum tíma og er almennt notað við launaákvörðanir.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um ráðningu er ráðningarsamningur gerður og staðfestur af réttum aðilum.

Allir starfsmenn eru í Vinnustund og hver einstaklingur stimplar sig inn og út. Deildarstjóri eða viðkomandi yfirmaður hefur eftirlit með að skráning í Vinnustund sé rétt og samþykkja þeir skráninguna hjá hverjum starfsmanni. Síðan fara gögnin til launafulltrúa á launadeild sem fer yfir gögnin og kannar hvort eitthvað óeðlilegt sé við stimplun viðkomandi starfsmanns. Launadeildin sér síðan um að gögnin úr Vinnustund séu flutt yfir í launakerfið.

Ekki eru gerðar athugasemdir við störf mannauðsráðgjafa á einstökum klínískum sviðum eða á Mannauðssviði eða starfsmanna launadeildar sem nú tilheyra Mannauðssviði.

7.2.2 Gagnagreiningar

Launagögn voru greind í greiningarforriti og mikilvægir ferlar skilgreindir. Einnig voru breytingar milli sviða og deilda skoðaðar.

7.2.3 Samræmdar launaákvörðanir

Eins og rakið var að framan hefur hvert svið sinn mannauðsráðgjafa sem aðstoðar framkvæmdastjóra sviðsins. Auk þess er starfandi á spítalanum sérstakt Mannauðssvið sem vinnur við ráðgjöf og samræmingu vegna launaframkvæmdar. Á árinu 2017 var launadeildin sem áður heyrði undir Fjármálasvið einnig færð undir Mannauðssviðið.

Við endurskoðun á launum var fyrirkomulag launaákvörðana kannað en mikilvægt er að gætt sé samræmingar á milli sviða og ákvarðanir byggja á sambærilegum forsendum. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum fylgja ákvarðanir um launasetningu nýs starfsmanns skýrt afmörkuðu kerfi heimilda til launaröðunar. Fer launaröðun eftir gildandi kjara- og stofnanasamningum og öðrum formlegum ákvörðunum Landspítalans. Mannauðssvið hefur tekið þá þætti sem hafa áhrif á launasetningu saman í Excel líkani sem kallast „Hækjan“, sem auðveldar launasetningar við ráðningar og breytingar á ráðningarkjörum. Mannauðsráðgjafar nota líkanið til að finna rétt laun fyrir hvern starfsmann en handhafi ráðningarvaldsins ber ábyrgð á því að launasetning sé rétt.

7.2.4 Föst yfirvinna

Gerð var könnun á fastri yfirvinnu. Fram kom að 104 launþegar Landspítala fengu greidda 48 tíma eða fleiri á mánuði í fasta yfirvinnu. Þeir 15 starfsmenn sem voru með flesta fasta yfirvinnutíma voru skoðaðir sérstaklega. Samkvæmt samningum voru einstaklingar í úrtakinu með 18.938 fasta yfirvinnutíma yfir árið eða að meðaltali 1.263 vinnutíma á hvern launþega sem samsvarar 105 föstum yfirvinnutímum að meðaltali á mánuði.

7.3 Rekstrarsvið

Við endurskoðun ársins 2017 var farið yfir helstu verkferla á Rekstrarsviði með fjármálaráðgjafa sviðsins. Þar kom fram að fjármálaráðgjafinn heldur reglulega fundi með öllum deildarstjórum sviðsins þar sem farið er yfir verkferla og gerður samanburður á rekstraráætlunum og rauntölum.

Þá er mikið lagt upp úr að allir aðsendir reikningar séu staðfestir af þeim sem þekkja málin best og einnig af viðkomandi yfirmönnum.

Að þessu sinni voru verkferlar eldhúss kannaðir sérstaklega. Af 360 starfsmönnum Rekstrarsviðs starfa 120 við eldhúsið. Því er skipt í fimm rekstrareiningar og er rekstrarstjóri yfir hverri einingu. Skiptingin er eftirfarandi;

1. Matsalir
2. Framleiðsla
3. Uppþvottur
4. Lager og söludeild
5. Þjónusta og næring

Farið var yfir verkferla Eldhúss og voru ekki gerðar athugasemdir.

Einnig var þvottahús og ræstingar kannað sérstaklega. Við þvottahúsið sjálft starfa 35 manns og fimm á saumastofu eða samtals 40 starfsmenn. Farið var yfir verkferla við þvottahúsið. Ekki eru gerðar athugasemdir.

8 Endurskoðun efnahagsliða

8.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

Með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 ber ríkisaðilum í fyrsta sinn árið 2017 að færa varanlega rekstrarfjármuni til eignar í efnahagsreikningi. Áður voru allir varanlegir rekstrarfjármunir gjaldfærðir í rekstri án tillits til þess hvort þeir væru nýttir til þjónustu í þágu spítalans á fleiri árum en kaupári. Nýjar reikningsskilareglur kveða á um að varanlegir rekstrarfjármunir skuli færðir til eignar en færa skuli afskrift til gjalda í rekstri að fjárhæð sem nemur hlutdeild af kostnaðarverði til samræmis við notkun. Landspítalinn hefur gert efnahagsreikning 1. janúar 2017 þar sem verðmæti áður gjaldfærðra varanlegra rekstrarfjármuna er fært til eignar. Samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins eru þó fasteignir spítalans undanskildar en fyrirhugað er að hafa þær í sérstöku félagi.

Landspítali hefur þá viðmiðunarreglu við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna að færa einungis til eignar eldri eignir sem keyptar eru árið 2011 og síðar og eignfæra ekki fjármuni sem eru undir 500 þúsund krónur að kostnaðarverði. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur ekki sett skýrar viðmiðunarreglur um eignfærslur og er það því á valdi einstakra stofnana að leggja mat á notkunartíma og aðrar forsendur um eignfærslur samkvæmt almennum reikningsskilareglum. Ríkisendurskoðandi gerir ekki athugasemdir við forsendur Landspítalans fyrir eignfærslum en bendir á að einstaka ríkisaðilar geta haft ólíka sýn á mikilvægi þess að eignfæra sambærilegar eignir og þar með skipta sjónarmið einstakra ríkisaðila máli þegar lagt er mat á eignir A-hluta ríkissjóðs í heild.

8.2 Vörubirgðir

8.2.1 Samantekt um birgðir

Landspítali rekur marga birgðalagera sem skiptast í tvo meginflokka. Annars vegar birgðalagera þar sem fært er birgðabókhald og hins vegar lagera þar sem ekki er haldið birgðabókhald.

8.2.2 Utan birgðakerfis

Í skipulagseiningum þar sem ekki er haldið birgðabókhald eru vörur á lager taldar tvisvar á ári og birgðabreytingin færð til hækkunar eða lækkunar á vörunotkun. Birgðaverðmæti hjá lagerum utan kerfis er:

Deild (í þús. kr.)	Staða 31.12.2017
Rannsóknir	88.590
Blóðbankinn	9.834
Alls	98.424

8.2.3 Í birgðakerfi

Vörur sem skráðar eru í birgðabókhald eru taldar tvisvar á ári og í framhaldinu eru þær leiðréttar og birgðabreyting færð. Birgðaverðmæti lagera í birgðabókhaldi er:

Deild (í þús. kr.)	Staða 31.12.2017
Skurðstofur Hringbraut	111.959
Skurðstofur kvennadeild	5.720
Skurðstofur Fossvogi	131.561
Speglun	22.363
Hjarta- og æðlaþræðing Hringbraut	91.144
Æðlaþræðing Fossvogi	48.634
Rannsóknarkjarni	20.542
Lyfjaþjónusta	189.562
Lyfjaþjónusta afgreiðsluapótek	69.215
Þvottahús	8.159
Dauðhreinsun Tunguhálsi	969
Eldhús	18.989
Birgðastöð Tunguhálsi	56.569
Alls	775.387

Vörurýrnun og skekkjur og í framhaldi birgðabreyting til lækkunar er færð tvisvar á ári í framhaldi af talningum. Vörurýrnun og skekkjur árið 2017 eru eftirfarandi:

Deild (í þús. kr.)	Vörurýrnun/ skekkjur 2017
Skurðstofur Hringbraut	6.825
Skurðstofur kvennadeild	0
Skurðstofur Fossvogi	63.280
Speglun	123
Hjarta- og æðlaþræðing Hringbraut	15.032
Æðlaþræðing Fossvogi	8.314
Rannsóknarkjarni	3.750
Lyfjaþjónusta	8.832
Lyfjaþjónusta, afgreiðsluapótek	380
Þvottahús	1.588
Dauðhreinsun Tunguhálsi	32
Eldhús	4.711
Birgðastöð Tunguhálsi	2.623
Alls	115.490

Niðurstöður framangreindra útreikninga um vörurýrnun hjá Landspítala á árinu 2017 sýna að vörurýrnun og skekkjur eru mjög miklar. Almennt er talið að óskýrð vörurýrnun sé á bilinu 0-1%. Samanber töflu hér að framan varð vörurýrnunin 115.490 þús. kr. á árinu 2017 sem er 14,9% af vörubirgðum í árslok. Þetta er aðeins betri niðurstaða en á árinu 2016 en þá var vörurýrnunin 121.510 þús. kr. eða 18,3%.

Vörurýrnunin og skekkjur í birgðaskrá er enn of miklar og langt yfir eðlilegum mörkum. Lagt er eindregið til að haldið verði áfram aðgerðum til að bæta verkferla og ná betri tókum á þessu

vandamáli hjá spítalanum. Það sem hefur gerst og veldur einkum skekkjum er að vörur hafa verið teknar út af birgðalager en úttektin ekki skráð í birgðakerfið.

8.2.4 Hugsanleg vörurýrnun á einstökum sjúkradeildum

Í töflunni hér að framan kemur fram að vörurýrnun hjá afgreiðsluapótekinu sem selur lyf eins og hefðbundið apótek er 380 þús. kr. á árinu 2017 eða 0,6%. Lyfjaþjónustan afgreiðir lyf inn á einstakar deildir spítalans. Þar var vörurýrnun 8.832 þús. kr. á árinu 2017 eða 4,6%. Þar er samt aðeins hálf sagan sögð því ekki er formlegt eftirlit með því hvað verður um lyfin eftir að þau eru afgreidd á deildirnar. Hugsanlega er þar um rýrnun að ræða. Lagt er til að tekið verði upp rafrænt eftirlitskerfi með lyfjum sem eru afhent inn á deildir spítalans.

8.3 Innkaup

Ferill innkaupa á vörum og þjónustu fer eftir fjárhæð viðskiptanna og tíðni þeirra. Landspítali heldur úti innkaupadeild sem sér um innkaup á vörum og þjónustu. Deildin heldur úti innkaupakerfi og sér um útboð, samningagerð og önnur verkefni sem koma að innkaupum. Haldið er úti sérstakri vefverslun, þar sem starfsmenn spítalans geta nálgast vörur, sem innkaupadeildin hefur keypt og þar með fært vöruna úr birgðabókhaldu til gjalda á viðfang viðkomandi verkefnis. Í innkaupakerfi spítalans eru samningar sem gerðir hafa verið við birgja settir inn og að uppfylltum skilyrðum setur kerfið pöntun af stað. Pöntunartillaga er samþykkt af starfsmanni deildar og fer síðan rafrænt til viðkomandi birgis sem afhendir vöruna. Þegar birgir afhendir vöru og sendir reikning er einingaverð reiknings svo borið saman við samninginn. Ef allt er samkvæmt væntingum fer reikningurinn til greiðslu.

Kannanir leiddu í ljós að ekki er alltaf unnið eftir framangreindu innkaupakerfi og verkferlum sem þar eiga við, heldur eru lækningavörur, tæki, vörur og þjónusta pantaðar fram hjá innkaupakerfinu. Niðurstöður ríkisendurskoðanda vegna rekstrar ársins 2016 bentu til þess að um 20% vörukaupa hafi farið á þennan hátt inn á spítalann.

Á árinu 2017 hefur verið tekið á þessu máli og innkaupadeildin eflað. Þar vegur þyngst að komin er í gagn við svonefnd samkeppnistéttaráætlun. Farið hefur verið í fundarherferð um spítalann með því starfsfólki sem kemur að innkaupum til að reyna að tryggja að heilbrigð samkeppni sé á bak við innkaup í samræmi við samkeppnisréttaráætlunina. Enn vantar töluvert upp á að þessi mál séu komin í viðunandi horf.

8.4 Kröfur á ríkissjóð

Í efnahagsreikningi eru færðar kröfur á ríkissjóð. Annars vegar er um að ræða kröfur vegna viðskiptastöðu sem myndast út af mismun á samþykktum fjárheimildum og greiðslum frá ríkissjóði sem myndar stöðu í árslok að fjárhæð 1.228.408 þús. kr. Hins vegar er krafa vegna orlofsskuldbindingar að fjárhæð 5.146.598 þús. kr. Auk þess er færð krafa að fjárhæð 738.755 þús.kr. fyrir eignaverk vegna fasteigna.

Hluti af fjárhæð krafna á ríkissjóð myndast vegna mismunar á fjárheimildum og raunútgjöldum en samkvæmt 30. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 þarf samþykki ráðherra fyrir ráðstöfun ónotaðra fjárheimilda á næsta ári. Uppgjör á fjárheimildum og samþykki um yfirfærslu liggur ekki fyrir á reikningsskiladegi eða undirritunardegi ársreiknings. Krafa vegna orlofsskuldbindingar byggir á fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu en ráðuneytið

fyrirhugar að fá samþykki Alþingis fyrir fjárveitingu til að mæta áfallinni orlofsskuldbindingu sem bókuð er til skuldar í fyrsta sinn á grundvelli laga um opinber fjármál. Samþykki Alþingis vegna þessa liggur ekki fyrir á reikningskiladegi eða á undirritunardegi ársreiknings. Krafa fyrir eignaverk vegna fasteigna myndast vegna ákvörðunar fjármála- og efnahagsráðuneytisins um að fasteignir spítalans verði í sérstöku félagi. Spítalinn greiddi af fjárveitingum sínum, sem heimild var fyrir í fjárlögum, framangreindan kostnað og í stað þess að gjaldfæra er myндуð krafa á ríkissjóð vegna útgjaldanna. Uppgjör vegna þessa kostnaðar lá ekki fyrir á undirritunardegi ársreiknings.

8.5 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur Landspítala námu 2.137,6 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 1.722,6 m.kr. í ársbyrjun 2017.

Í m.kr.	2017	2016	%
Sjúkratryggingar Íslands	738,9	661,3	17,4
Heilbrigðisstofnanir	194,6	186,3	4,5
Erlendir viðskiptamenn	373,8	246,5	51,6
Fyrirtæki og stofnanir	410,6	229,9	78,6
Einstaklingar	193,4	150,0	28,9
Komugjöld	281,3	274,8	2,4
Rannsóknir og vísindaverk	10,0	19,1	-48,2
Kreditkortaviðskipti – göngudeild	39,2	42,2	-7,1
Aðrar kröfur	72,9	57,3	27,3
Samtals	2.314,6	1.885,4	22,8
Niðurfærsla í árslok	-177,0	-162,8	
Kröfur skv. efnahagsreikningi 31.12.2017	2.137,6	1.722,6	24,1

Samkvæmt töflunni hér að ofan nemur hækkun viðskiptakrafna milli ára um 24,1%. Kannaðar voru viðskiptakröfur sem voru 800.000 kr. eða hærrí í árslok. Um var að ræða 195 kröfur samtals að fjárhæð 1.709,1 m.kr. sem er 80,0% af heildarfjárhæð viðskiptakrafna í árslok en þær voru samtals 2.137,6 samanber töfluna hér að framan.

Könnun á aldursdreifingu þessara krafna leiddi ljós að 112 kröfur af 195 voru 60 daga og eldri. Nánari skoðun á kröfum 60 daga og eldri leiddi í ljós að 96 kröfur af 112 voru kröfur á útlendinga. Farið var yfir hverja kröfu 60 daga og eldri með deildarstjóra og starfsmanni fjárstýringar og bókhaldsstjóra Landspítala. Niðurstaðan var sú að kröfurnar eru allar í ákveðnu innheimtuferli.

Farið var yfir mat á niðurfærsluþörf viðskiptakrafna í árslok. Niðurfærslureikningurinn stóð í 162,8 m.kr. í ársbyrjun. Metin niðurfærsluþörf útistandandi krafna í árslok var samtals 177,0 m.kr. Endanlega tapaðar kröfur á árinu 2017 voru 84,3 m.kr. Samkvæmt því var framlag á niðurfærslureikninginn fært til gjalda í árslok 98,4 m.kr. Metin niðurfærsluþörf í árslok var staðfest.

8.6 Handbært fé

Handbært fé nam 17,3 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 24,4 m.kr. í ársbyrjun 2017. Endurskoðun á handbæru fé byggðist á tveimur þáttum. Annars vegar var sent staðfestingarbréf til allra bankastofnana og hins vegar voru hefðbundnar bankaafstemmingar staðfestar.

Í staðfestingarbréfi til allra bankastofnana var óskað eftir margvíslegum upplýsingum varðandi viðskipti, eignir, skuldir og bankareikninga í árslok 2017. Óskað var eftir stöðu bankareikninga, upplýsingum um verðbréf, fjárvörslureikninga, skuldastöðu, ábyrgðir og skuldbindingar vegna þriðja aðila. Þá komu fram upplýsingar um prókúruhafa bankareikninga.

Markmiðið með athuguninni var m.a. að staðfesta að upplýsingar um viðskipti við bankastofnanir séu í samræmi við það sem bókfært er hjá Landspítala og að skráðir prókúruhafar bankareikninga séu réttir. Niðurstaðan var sú að allir bankareikningar, peningalegar eignir og skuldir Landspítala samkvæmt upplýsingum frá bönkunum eru í samræmi við bókhald. Þá staðfestu upplýsingar frá bönkunum hverjir eru prókúruhafar bankareikninga.

Skipulega er staðið að fjármálum hjá spítalanum. Strangar reglur gilda um hverjir geta greitt reikninga og er fullur aðskilnaður fjármála og bókhalds. Aðeins þrír starfsmenn hafa prókúru að bankareikningum. Aðrir geta ekki greitt reikninga fyrir spítalann. Sá annmarki varðandi verkaskiptingu kom fram að einn starfsmaður fjárstýringar sér um afstemmingar bankareikninga en ekki starfsmaður bókhalds. Til að koma til móts við þennan annmarka þá var sett sú regla að bókhaldsstjóri, ásamt öðrum starfsmanni bókhalds, staðfestir afstemmingar bankareikninga.

8.7 Skuldfært fjárfestinga- og gjafaframlag

Meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi er fært til skuldar frestað framlag vegna eldri varanlegra rekstrarfjármuna, fyrirfram innheimt fjárfestingaframlag og fyrirfram innheimtar gjafir og styrkir vegna fjárfestinga. Meðal skammtímaskulda eru einnig færðar til skuldar fyrirframgreiðslur vegna framlaga, sem gert er ráð fyrir að verði reikningshaldslega innleystar sem tekjur á árinu 2018. Í heild eru bókfærðar fyrirframgreiðslur vegna fjárfestingaframlaga 6.677 m.kr. að meðtöldum framlögum vegna eignaverka.

Færsla fjárfestinga- og gjafaframlaga til skuldar byggir á fyrirmælum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og er að mati ríkisendurskoðanda óvissa um að þessi færsluáðferð byggi á viðurkenndum reikningsskilareglum.

8.8 Lánardrottinnar

Kröfur lánardrottna námu samtals 3.641,3 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 3.224,3 m.kr. í ársbyrjun 2017.

Ákveðin regla gildir hjá Landspítala um það hvernig gjaldareikningar eru áritaðir til að koma í veg fyrir að spítalinn taki á sig skuldbindingar sem ekki eiga við rök að styðjast. Almennt er notuð sú regla að tveir aðilar koma að áritunum reikninga, annar sem þekkir best efnislega þá vöru og/eða þjónustu sem um er að ræða og hinn sem áritar reikninginn og veitir heimild til greiðslu.

Til að stemma af lánardrottna hefur sú áðferð verið notuð að valið er úrtak lánardrottna til skoðunar miðað við 31. október og 31. desember. Á árinu 2017 voru í úrtakinu 33 lánardrottinnar

samtals með stöður að fjárhæð 1.864,0 m.kr. Þessar skuldastöður við lánardrottna hjá Landspítala eru síðan bornar saman við gögn frá viðkomandi lánardrottnum, innlendum sem erlendum.

Niðurstaða skoðunarinnar var sú að stöður allra lánardrottna í úrtakinu samkvæmt bókhaldi Landspítala var hægt að staðfesta með gögnum frá viðkomandi lánardrottnum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við vinnulag Landspítala vegna lánardrottna.

9 Önnur atriði

9.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Fyrir liggur staðfestingarbréf forstjóra og framkvæmdastjóra Landspítala vegna ársreiknings 2017 dagsett 27. apríl 2018.

9.2 Lögfræðibréf

Fyrir liggur ítarlegt minnisblað frá Lögfræðideild Landspítala dagsett 23. febrúar 2018.

9.3 Óhæðisyfirlýsingar

Fyrir liggja óhæðisyfirlýsingar frá þeim starfsmönnum ríkisendurskoðanda sem skipuðu endurskoðunarteymið sem vann að endurskoðun Landspítala vegna ársins 2017.

9.4 Atburðir eftir reikningsskiladag.

Fyrir liggur greinargerð frá 26. apríl 2018 frá framkvæmdastjóra fjármálasviðs Landspítalans um atburði í starfsemi Landspítala eftir reikningsskiladag 31. desember 2017. Þar er einnig greint frá þeirri óvissu sem enn ríkir um reikningshaldslega meðferð ýmissa þátta starfseminnar.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is